

Fundargerð

130. stjórnarfundur 29. nóvember 2021

Fundarmenn: Hjördís Sigursteinsdóttir, Guðmundur Kristján Óskarsson, Auðbjörg Björnsdóttir, Helgi Freyr Hafþórsson, Stefán Guðnason og, Margrét Elísabet Ólafsdóttir

Dagskrá:

1. Fundargerðir

Samþykkt fundargerðar 128. og 129 frestað.

2. Vinnumatssjóðurinn

Formaður rekur samskipti FHA við rektor. Gerð var grein fyrir því að fulltrúar FHA í samstarfsnefndinni hafi óskað eftir fundi með háskólaráði í nóvember. Samþykkt hafi verið að þeir fái að koma á fund í desember. Fram kom að rektor hefur boðað samninganefndina á sinn fund, 13. desember, fyrir háskólaráðsfundinn. Lögð var fram tillaga að bókun á fundi háskólaráðs um að rektor hefði boðað til ólöglegs fundar til ræða málefni stéttarfélagsins. Bókunin fylgir fundargerðinni.

Stjórn finnur fyrir stuðningi félagsmanna sem birtist í niðurstöðum kosningar um afstöðu þeirra til leiðréttingar á Vinnumatssjóði. Ætlunin er að kynna niðurstöðuna fyrir háskólaráði

Rætt um ósamræmi í stefnu og framkvæmd. Búnir hafi verið til sjóðir, eins og starfsskyldusjóður og sjóður fyrir aðstoðarmenn án þess að samið hafi verið um þá.

3. Önnur mál

3.a. Persónuverndarstefna

Formaður leggur til að félagið setji sér persónuverndarstefnu og geri hana sýnilega á vefsíðu félagsins. Samþykkir að fela formanni að gera drög að persónuverndarstefnu.

3.b. Formaður stjórnar

Formaður tilkynnir stjórn að hún muni gefa kost á sér í hlutverk formanns næsta vor þar sem samningar eru lausir og undirbúningur að gerð næstu kjarasamninga þegar hafinn.

Fundi slitið kl. 13.30

Fundagerð ritaði

Margrét Elísabet Ólafsdóttir